

AUGLÝSING

162

16. ágúst

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

25. Nefnd Hins íslenska prentarafélags. Staðfest 17. nóv. 1958.
26. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur. Staðfest 10. febr. 1959.
27. Nefnd Verkalýðsfélagsins Brynju, Þingeyri. Staðfest 16. febr. 1959.
28. Nefnd Verkalýðsfélags Þórshafnar. Staðfest 10. júlí 1959.
29. Nefnd Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps, Sandgerði. Staðfest 3. febr. 1960.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1960.

F. h. r.

Gunnlaugur Þórðarson.

Helgi Helgason.

AUGLÝSING

163

26. ágúst

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958.

1 Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á eftirtöldum götum:
Sniðgötu — Strandgötu — Reykjavíkurvegi að Bessastaðavegamótum.
Suðurgata frá Lækjargötu að vegamótum Reykjanesbrautar.

Við vegamót Sniðgötu og vegamót Reykjanesbrautar hafa þær götur forgangsrétt fyrir umferð um Suðurgötu.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem liggja að aðalbrautum, eru við vegamótin merktir biðskyldu eða stöðvunarkerki.

2. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á eftirtöldum götum:
Merkurgötu frá Vesturbraut að Vesturgötu,
Kirkjuvegi frá Reykjavíkurvegi að Hellisgötu,
Nönnustíg frá Reykjavíkurvegi að Norðurbraut,
Vitastíg frá Linnetsstíg að Álfaskeiði,
Sunnuvegi frá Hverfisgötu að Mánastíg,
Brekkugötu frá Lækjargötu að Selvogsgötu.

3. Takmörkun á bifreiðastöðum.

- a. Bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu að vestanverðu við götuna frá Vesturgötu að Lækjargötu.